

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR nr. 262/2019

frá 25. október 2019

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/784 frá 14. maí 2019 um samhæfingu á tíðnisviðinu 24,25-27,5 GHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónusta um þráðlaust breiðband innan Sambandsins ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRÐUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 5czo (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/899) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„5czp. **32019 D 0784**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/784 frá 14. maí 2019 um samhæfingu á tíðnisviðinu 24,25-27,5 GHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónusta um þráðlaust breiðband innan Sambandsins (Stjtið. ESB L 127, 16.5.2019, bls. 13).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/784, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 26. október 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 127, 16.5.2019, bls. 13.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 25. október 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Gunnar Pálsson

formaður.

ÓOPINBER ÞÝÐING